

UM MAT Á ÁRANGRI SAMEININGAR KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS OG HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tillaga fyrir háskólaráð 7. nóvember 2013 (MDB)

1. Markmið sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands

Hinn 1. júlí 2008 tóku gildi lög nr. 37/2007 um sameiningu Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Íslands (HÍ). Á sama tíma var innleitt nýtt skipulag og stjórnkerfi HÍ sem m.a. skipaði hinum sameinaða háskóla í fimm fræðasvið og myndaði KHÍ stofninn að einu þeirra, Menntavísindasviði.

Í fylgiskjali I með frumvarpi til laganna er skýrsla starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði um mitt ár 2006, *Áætlun um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands*, og er þar m.a. kveðið á um meginmarkmið sameiningar háskólanna:

- 1.1. Að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi með sameiningu háskólastofnana sem verða með því sterkari heild sem byggir á sérstöðu og sérhæfingu þeirra beggja.
- 1.2. Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.
- 1.3. Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi.
- 1.4. Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla.
- 1.5. Að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk.
- 1.6. Að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærileg við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.

2. Mat á árangri sameiningarinnar

Í skýrslunni er enn fremur sérstakur kafli um mat á árangri sameiningar háskólanna og er þar lagt til að sameiningarferlið og árangur sameiningarinnar verði tekinn út að hæfilegum tíma liðnum. Í starfsáætlun HÍ fyrir háskólaárið 2013-2014, sem samþykkt var af háskólaráði 5. september 2013, er málið tekið upp að nýju og kveðið á um að fram skuli fara "úttekt á árangri sameiningar KHÍ og HÍ (sbr. fylgiskjal við frumvarp til laga um sameiningu KHÍ og HÍ sem tóku gildi 2007) og gæðum kennaramenntunar."

3. Tillaga

Tímaáætlun: Vinna við formlegt mat á árangri sameiningar KHÍ og HÍ hefjist á haustmisseri 2013 og henni ljúki fyrir lok vormisseris 2014.

Inntak og markmið: Meginmarkmið matsins verði að svara þeirri spurningu, *hvort og að hvaða marki markmið sameiningar KHÍ og HÍ um eflingu gæða kennaramenntunar og rannsókna í uppeldis- og menntavísindum hefur náð fram að ganga.*

Framkvæmd: Við framkvæmd matsins verði fylgt alþjóðlega viðtekinni aðferðafræði sem byggir á innra (sjálfsmati) og ytra mati.

- Innra matið verði á höndum HÍ sjálfs, en ytra matið falið óháðum innlendum og erlendum sérfræðingum.
- Áður en matið hefst skilgreini HÍ nánar til hvaða þátta það skuli taka og semji leiðbeiningar um framkvæmd matsins og geri verk- og tímaáætlun.
- Háskólaráð skipi sjálfsmatshóp sem annist innra matið og ritun sjálfsmatsskýrslu. Forseti Menntavísindasviðs verði formaður sjálfsmatshópsins, en í honum sitji einnig aðrir fulltrúar Menntavísindasviðs, fulltrúar annarra fræðasviða, utanaðkomandi fulltrúar og fulltrúar stúdenta. Innra matið skal vera hlutlægt, fela í sér gagnrýnið mat á styrkleikum og veikleikum og vera stutt rökum og gögnum.
- Jafnframt skipi háskólaráð ytri matshóp með óháðum innlendum og erlendum sérfræðingum sem komi í vettvangsheimsókn, sannreyni efni sjálfsmatsskýrslunnar, haldi fundi með hagsmunaaðilum, afli eftir atvikum viðbótarupplýsinga og riti ytri matsskýrslu sem leggi mat á árangur sameiningarinnar og setji fram tillögur um umbætur.
- *Áhersla er lögð á að matið verði umbótamiðað og skili hagnýtum niðurstöðum sem nýtist til að markmið sameiningar KHÍ og HÍ megi sem best ná fram að ganga.*

Lögð er áhersla á að niðurstöður úttektarinnar liggi fyrir eigi síðar en í lok vormisseris 2014 enda mun þær þá gagnast við heildarmat HÍ sem fram fer haustið 2014.

Eftirfylgni: Þegar niðurstöður ytra mats liggja fyrir taki rektor og háskólaráð ákvörðun um eftirfylgni með niðurstöðum úttektarinnar.